

Dagsetning 18. janúar 2005

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 399. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Með lögnum er greint á milli reksturs og efnahags Orkuveitu Húsavíkur og Húsavíkurbæjar. Orkuveita Húsavíkur sér um hitaveitu í sveitarfélaginu, en framleiðir auk þess raforku með nýrri tækni og sinnir þannig verulegum hluta raforkuþarfar bæjarins. Hliðstæður aðskilnaður milli reksturs sveitarfélaga og orkuframleiðslu hefur verið gerður annars staðar á landinu og einfaldar væntanlega aðkomu Orkuveitu Húsavíkur að framkvæmd nýrra raforkulaga

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við lagafrumvarpið.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar